FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Minnisblað sveitarstjóra vegna viðauka III

Síðustu vikur og mánuði hefur sveitarstjórn unnið að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og fyrir næstu þrjú ár á eftir. Sveitarstjórn hefur komið saman á vinnufundum í nóvember og desember og rýnt vandlega í stöðu ársins 2022 og farið yfir þau verkefni og áherslur sem framundan eru við gerð næstu áætlunar og hefur sveitarstjóri unnið áætlun og rýnt í gögn á milli funda.

Það er ljóst að rekstur sveitarfélaga á Íslandi er þungur og erfitt getur reynst að uppfylla þarfir og skyldur innan þeirra málaflokka sem sveitarfélög bera ábyrgð á. Snemma á árinu var gerður viðauki vegna málaflokks fatlaðra upp á 10 milljónir en þeim málaflokki hefur ekki fylgt nægilegt fjármagn frá ríkinu eftir yfirfærslu yfir á sveitarfélögin fyrir nokkrum árum. Nú í lok árs er ljóst að margir málaflokkar sveitarfélagsins fara yfir áætlun ársins og þörf er á gerð viðauka til að mæta auknum útgjöldum. Í heildina er þörf á viðauka upp á tæpar 46 milljónir króna. Stærsti málaflokkurinn þar sem þörf er á viðauka er fræðslu- og uppeldismál og á eftir koma hreinlætismál (sorphirða, sorpeyðing og lagabreytingar um áramót) og sameiginlegur kostnaður þar sem starfslok sveitarstjóra vega þyngst. Skipulags- og byggingarmál taka nokkuð til sín á árinu og er helsta skýringin þar vinna við gerð deiliskipulags við Þingborg og Flóaskóla. Á móti þessum lið koma þó byggingaleyfisgjöld nú í lok árs sem stefna í að vera nokkuð hærri en áætlun segir til um. Ljóst er að í einhverjum bókhaldslyklum má sjá vanáætlað í fjárhagsáætlun sem skýrir að hluta upphæð viðaukans.

Óendurskoðað milliuppgjör eftir fyrstu 6 mánuði ársins sýndi fram á að rekstrarhalli stefndi í um 60 milljónir og því er þessi viðauki í takt við það uppgjör.

Á komandi ári er ljóst að sveitarstjórn þarf að fylgjast vel með rekstrinum og að hann sé í takti við áætlun ársins. Stærsti óvissuþátturinn árið 2023 eru kjarasamningar sem eru lausir hjá flestum starfsmönnum sveitarfélagsins á árinu 2023. Málflokkur fatlaðs fólks hefur einnig farið hækkandi frá ári til árs og erfitt er að greina nákvæmlega hvernig ný lög um meðhöndlun úrgangs koma til með að hafa áhrif á sveitarfélögin og íbúa þeirra. Aukning á útgjöldum vegna breytinga á samstarfi í Skóla- og velferðarþjónustu árið 2023 er líkleg og erfitt er að áætla þann kostnað fyrr en ný þjónustueining er komin af stað. Mikilvægt er að sveitarstjórn fylgist vel með breytingum sem hafa áhrif á áætlun ársins og bregðist við á formlegan hátt um leið og ljóst er hver útgjaldaþörfin verður.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

| Flóahreppur | | | Viðauki við fjárhagsáætlun 2022 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Viðauki nr. | Viðauki nr. | Viðauki nr. | Samantekt allra viðauka: | | |
| | | | 1 | 2 | 3 | Fjárhagsáætlun upphafleg | Samtala viðauka | Fjárhagsáætlun með viðaukum |

## Rekstur

Viðauki við fjárhagsáætlun

Yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka

| Nr. | Málaflokkur / sjóður | Skýring | Viðauki breyting | Viðauki breyting | Viðauki breyting | Upphafleg rekstrar-niðurstaða | Allir viðaukar | Rekstrar-niðurstaða með viðaukum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **A hluti** | | | | | | | |
| 00 | Skatttekjur | | 0 | 0 | 41.000 | 748.013 | 41.000 | 789.013 |
| 02 | Félagsþjónusta | | (10.026) | 0 | (2.000) | (41.937) | (12.026) | (53.963) |
| 03 | Heilbrigðismál | | 0 | 0 | 0 | (844) | 0 | (844) |
| 04 | Fræðslu- og uppeldismál | | 0 | 0 | (33.170) | (538.474) | (33.170) | (571.644) |
| 05 | Menningarmál | | 0 | 0 | (60) | (55.249) | (60) | (55.309) |
| 06 | Æskulýðs- og íþróttamál | | 0 | 0 | (1.720) | (18.916) | (1.720) | (20.636) |
| 07 | Brunamál og almannavarnir | | 0 | 0 | 0 | (15.733) | 0 | (15.733) |
| 08 | Hreinlætismál | | 0 | 0 | (14.600) | (7.051) | (14.600) | (21.651) |
| 09 | Skipulags- og byggingarmál | | 0 | 0 | (6.700) | (19.393) | (6.700) | (26.093) |
| 10 | Umferðar- og samgöngumál | | 0 | 0 | (3.500) | (7.818) | (3.500) | (11.318) |
| 11 | Umhverfismál | | 0 | 0 | 0 | (1.773) | 0 | (1.773) |
| 13 | Atvinnumál | | 0 | 0 | 0 | (4.128) | 0 | (4.128) |
| 21 | Sameiginlegur kostnaður | | 0 | 0 | (20.016) | (71.257) | (20.016) | (91.273) |
| 22 | Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 0 | 0 | 0 | (2.343) | 0 | (2.343) |
| 28 | Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 0 | 0 | 0 | 31.357 | 0 | 31.357 |
| 31 | Eignasjóður | | 0 | 0 | (5.150) | 24.801 | (5.150) | 19.651 |
| 3X | Samstarfsverkefni sveitarfélaga | | 0 | 736 | 0 | 0 | 736 | 736 |
| 91 | Millifærslur A-hluta | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | A - hluti samtals | (10.026) | 736 | (45.916) | 19.255 | (55.206) | (35.951) |

| Nr. | Sjóðir, fyrirtæki og stofnanir í B-hluta | Skýring | Viðauki breyting | Viðauki breyting | Viðauki breyting | Upphafleg rekstrar-niðurstaða | Allir viðaukar | Rekstrar-niðurstaða með viðaukum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **B hluti** | | | | | | | |
| 43 | Flóaljós | | 0 | 0 | 0 | 1.777 | 0 | 1.777 |
| 45 | Vatnsveita | | 0 | 0 | 0 | 3.307 | 0 | 3.307 |
| XX | Samstarfsverkefni sveitarfélaga | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 92 | Millifærslur B-hluta | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | B - hluti samtals | 0 | 0 | 0 | 5.084 | 0 | 5.084 |
| | | Millifærslur AB-hluta | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | **A og B hluti samtals** | **(10.026)** | **736** | **(45.916)** | **24.339** | **(55.206)** | **(30.867)** |

| Flóahreppur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Samstæðuyfirlit** | A hluti | | | A og B hluti | | |
| **Árið 2022** | **Upphafleg fjárhagsáætlun** | **Viðaukar** | **Fjárhagsáætlun með viðaukum** | **Upphafleg fjárhagsáætlun** | **Viðaukar** | **Fjárhagsáætlun með viðaukum** |
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 487.823 | 21.000 | 508.823 | 487.779 | 21.000 | 508.779 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 253.362 | 20.000 | 273.362 | 253.362 | 20.000 | 273.362 |
| Aðrar tekjur | 90.047 | 71.216 | 161.263 | 123.092 | 71.216 | 194.308 |
| | 831.232 | 112.216 | 943.448 | 864.233 | 112.216 | 976.449 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 464.771 | 84.290 | 549.061 | 464.771 | 84.290 | 549.061 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 0 | 877 | 877 | 0 | 877 | 877 |
| Annar rekstrarkostnaður | 328.655 | 78.695 | 407.350 | 340.012 | 78.695 | 418.706 |
| | 793.426 | 163.862 | 957.288 | 804.783 | 163.862 | 968.644 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | 37.806 | ( 51.646 ) | ( 13.840 ) | 59.451 | ( 51.646 ) | 7.805 |
| Afskriftir | ( 21.637 ) | ( 2.240 ) | ( 23.877 ) | ( 30.979 ) | ( 2.240 ) | ( 33.219 ) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgj | 16.169 | ( 53.886 ) | ( 37.717 ) | 28.472 | ( 53.886 ) | ( 25.414 ) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 3.085 | ( 1.320 ) | 1.765 | ( 4.134 ) | ( 1.320 ) | ( 5.454 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** | **19.255** | **( 55.206 )** | **( 35.951 )** | **24.338** | **( 55.206 )** | **( 30.868 )** |

**Flóahreppur**

**Samstæðuyfirlit**

Árið 2022

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhagsáætlun | Viðaukar | Fjárhagsáætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhagsáætlun | Viðaukar | Fjárhagsáætlun með viðaukum |
| **Yfirlit um sjóðstreymi** | | | | | | |
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurst. samkvæmt rekstrarreikningi............ | 19.255 | ( 55.206 ) | ( 35.951 ) | 24.338 | ( 55.206 ) | ( 30.868 ) |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:...................... | | | | | | |
| Afskriftir.................................................................. | 21.637 | 2.240 | 23.877 | 30.979 | 2.240 | 33.219 |
| Verðbætur og gengismunur.................................... | 1.999 | 654 | 2.653 | 3.249 | 654 | 3.903 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum.......................... | 0 | 76 | 76 | 0 | 76 | 76 |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | 42.890 | ( 52.236 ) | ( 9.346 ) | 58.566 | ( 52.236 ) | 6.331 |
| *Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting.................... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting.......................... | 0 | 174 | 174 | 0 | 174 | 174 |
| Skammtímaskuldir, breyting................................. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga.................... | 0 | ( 115 ) | ( 115 ) | 0 | ( 115 ) | ( 115 ) |
| Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum | 0 | 59 | 59 | 0 | 59 | 59 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 42.890 | ( 52.177 ) | ( 9.287 ) | 58.566 | ( 52.177 ) | 6.390 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.............. | ( 60.000 ) | 27.527 | ( 32.473 ) | ( 68.500 ) | 27.527 | ( 40.973 ) |
| Langtímakröfur, breyting........................................... | 2.343 | 0 | 2.343 | 2.343 | 0 | 2.343 |
| Langtímakröfur - B hluta, breyting............................ | 6.597 | 0 | 6.597 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 51.060 ) | 27.527 | ( 23.533 ) | ( 66.157 ) | 27.527 | ( 38.630 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | | | |
| Aðrar skammtímakröfur - B hluti, breyting................ | ( 7.012 ) | 0 | ( 7.012 ) | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir - B hluti, breyting........................ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán................................................ | 0 | 1.908 | 1.908 | 0 | 1.908 | 1.908 |
| Afborganir langtímalána........................................... | ( 3.781 ) | ( 2.510 ) | ( 6.291 ) | ( 7.114 ) | ( 2.510 ) | ( 9.624 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 10.793 ) | ( 602 ) | ( 11.395 ) | ( 7.114 ) | ( 602 ) | ( 7.716 ) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé ............................ | ( 18.963 ) | ( 25.252 ) | ( 44.214 ) | ( 14.705 ) | ( 25.252 ) | ( 39.957 ) |
| Handbært fé í ársbyrjun .......................................... | 191.890 | 947 | 192.837 | 209.151 | 947 | 210.098 |
| **Handbært fé (fjárþörf) í árslok** | **172.927** | **( 24.305 )** | **148.623** | **194.446** | **( 24.305 )** | **170.141** |

| Flóahreppur | | | Viðauki við fjárhagsáætlun 2022 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Viðauki nr. | Viðauki nr. | Viðauki nr. | Samantekt allra viðauka: | | |
| | | | 1 | 2 | 3 | Fjárhagsáætlun upphafleg | Samtala viðauka | Fjárhagsáætlun með viðaukum |
| **Fjárfesting (eignfærsla)** | | | | | | | | |
| Viðauki við fjárhagsáætlun | | | | | | | | |
| Yfirlit viðauka fyrir viðkomandi málaflokka | | | | | | | | |
| Nr. | Sjóður | Skýring | Fjárfesting | Fjárfesting | Fjárfesting | Upphafleg fjárfesting | Viðauki | Fjárfesting með viðauka |
| | **A hluti** | | | | | | | |
| | Grunnskóli | | 0 | 0 | 30.000 | (50.000) | 30.000 | (20.000) |
| | Óskilgreint | | 0 | 0 | 0 | (10.000) | 0 | (10.000) |
| | Samstarfsverkefni sveitarfélaga | | 0 | (2.473) | 0 | 0 | (2.473) | (2.473) |
| | | A hluti | 0 | (2.473) | 30.000 | (60.000) | 27.527 | (32.473) |
| Nr. | Sjóðir, fyrirtæki og stofnanir í B hluta | Skýring | | | | | | |
| | **B hluti** | | | | | | | |
| | Vatnsveita / tengigjöld | | 0 | 0 | 0 | 3.500 | 0 | 3.500 |
| | Vatnsveita / framkvæmdir | | 0 | 0 | 0 | (12.000) | 0 | (12.000) |
| | Samstarfsverkefni sveitarfélaga - efnahagur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | B hluti samtals | 0 | 0 | 0 | (8.500) | 0 | (8.500) |
| | | **A- og B-hluti** | **0** | **(2.473)** | **30.000** | **(68.500)** | **27.527** | **(40.973)** |